

**Ed.**

**95. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 49, 10. nóv. 1913, um eignar-  
námsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnar-  
bryggju.

Frá allsherjarnefnd.

Samkvæmt upplýsingum flutningsmanns frumvarps þessa hafa Ísfróðingar  
nú i hyggju að stofna til viðtækari hafnarbóta en gert var ráð fyrir, er frum-  
varpið 1913 var samið, og einnig hefir hann skýrt nefndinni frá, að vel geti komi-  
ð til mála, að byrjað verði þar á hafnarbótum áður en fjárframlög úr landssjóði  
sjeu fengin.

Með skírskotun til þessa leggur nefndin til, að hæstvirt deild samþykki  
frumvarpið þannig orðað:

1. gr.

1. gr. laga nr. 49, 10. nóv. 1913, orðist svo:

Bæjarstjórn Ísafjarðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á  
lóð og mannvirkjum undir hafnarbætur, hafnarkví og hafnarbryggjur, og bygg-  
ingar og svæði, er þörf er á í sambandi við hafnarbæturnar.

2. gr.

3. gr. laga nr. 49, 10. nóv. 1913, falli niður.

Alþingi, 17. júlí 1917.

Magnús Torfason,  
form. og ritari.

H. Hafstein. Kristinn Daníelsson.